

970 spilakassar um allt land

Fréttaskýring | Íslandsspil reka 580 spilakassa um allt land fyrir RKÍ, Slysavarnafélagið Landsbjörg og SÁÁ. Háspenna ehf. og Happpdrætti Háskóla Íslands reka 390 kassa.

Eftir Ómar Friðriksson omfr@mbl.is

VILHJÁLMMUR Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri hvíkar í engu frá þeirri afstöðu borgaryfirvalda, að fyrirhugaður rekstur spilasar í verslunarmiðstöðinni í Mjódd sé óforsvaranlegur með öllu. Íbúar hafa mótmælt uppsetningu spilasararins harðlega. Mun Vilhjálmur eiga fund á allra næstu dögum með forsvarsmönnum Háspennu ehf., sem annast rekstur spilasalanna skv. samningi við Happpdrætti Háskóla Íslands, til að fá þá ofan af þessum áformum.

"Við [óskum] mjög eindregið eftir því við stjórn Happpdrættis Háskóla Íslands og Háspennu að þetta verði ekki gert. Það er áreiðanlega hægt að finna aðra staðsetningu í borginni undir þetta sem er heppilegri en þessi, ef það er þá hægt að tala um að eitthvað sé heppilegt í sambandi við þetta," segir Vilhjálmur.

Hann segir að þeir sem starfrækja þessa kassa hljóti líka að hlusta á þúsundir íbúa í Breiðholti sem séu algjörlega á móti rekstri spilasarar í hjarta Mjóddarinnar. „Ég skil ekki hvers vegna er verið að sækja inn á þessa miðstöð í óþökk allra, kaupmanna og íbúa á svæðinu."

Auk HHÍ og Háspennu annast Íslandsspil, sem eru í eigu Rauða kross Íslands, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og SÁÁ., rekstur spilakassa. Alls eru í dag starfræktir um 970 spilakassar um allt land.

Stjórn HHÍ ber að ákveða hvar happpdrættisvélum er komið fyrir

Happpdrættisvélar HHÍ, sem fengu nafnið Gullnáman, voru upphaflega teknar í notkun árið 1993 en þá var gangsett kerfi með 350 happpdrættisvélum á 26 stöðum um allt land, þar af á 14 stöðum á Reykjavíkursvæðinu. HHÍ hefur leigt spilakassana og hugbúnað af bandaríska fyrirtækinu IGT í Reno í Nevada. Reglugerð um peningalaust happpdrætti HÍ kveður á um að það sé stjórnar happpdrættisins að ákveða hvar happpdrættisvélum verður komið fyrir.

Fram hefur komið í umræðunni að undanförunu að spilakössum hafi fjölgað verulega en það kemur Brynjólfi Sigurðssyni, forstjóra Happpdrættis Háskóla Íslands, á óvart að aukningin sé svona mikil. Spilakassar sem Háspenna ehf. rekur eru 390 í dag sem er óbreyttur fjöldi frá árinu 2004 þegar þeir voru líka 390 talsins. Þeim hefur hins vegar fjölgað um 40 frá árinu 2001 þegar þeir voru 350. "Við höfum alveg frá upphafi, þ.e.a.s. frá 1993 þegar þetta byrjaði, lagt mikla áherslu á okkar kassar væru á stöðum þar sem unglingar ættu ekki aðgang að og að þeir væru ekki eftirlitslausir," segir Brynjólfur.

Í dag reka Íslandsspil um 580 spilakassa á um 230 stöðum víða um landið í söluturnum og á vínveitingahúsum. Spilakössunum hefur farið fækkandi að undanförunu að sögn Magnúsar Snæbjörnssonar, framkvæmdastjóra Íslandsspila, m.a. fækkaði kössum um 25 í fyrra. Magnús bendir á að nokkrar skýringar séu á fækkuninni, m.a. sú að sjoppum, þar sem spilakassar hafa verið staðsettir, hefur fækkað.

Íslandsspil mega mest vera með 650 spilakassa í rekstri en hins vegar eru HHÍ ekki sett takmörk hvað varðar fjölda spilakassa.

Tekjurnar af spilakössum Íslandsspila hafa lítið breyst ár frá ári og hafa að jafnaði aukist um 1% á ári að sögn Magnúsar. Ljóst er að spilakassar skila umtalsverðum tekjum. Veltan hjá Íslandsspilum er um 1.400 milljónir kr. á ári og tekjur af starfsemi eru um 70% eða rúmlega 900 milljónir að frádregnum vinningum og kostnaði.

Spilakassar Háspennu eru ýmist í sérstökum spilaselum eða á stöðum sem hafa vínveitingaleyfi og er aldurstakmarkið 18 ár samkvæmt lögum að sögn Brynjólfs. Háspenna hefur svo sett enn strangari aðgangstakmarkanir og miðað við 20 ára lágmarksaldur. Gert hefur verið ráð fyrir að 20 ára aldurstakmark verði að spilasalnum í Mjódd og þar á ekki að leyfa neinar vínveitingar að sögn Brynjólfs.

Fyrir nokkrum árum spratt upp deila um rekstur spilasarar Háspennu við Skólavörðustíg. Borgin synjaði Háspennu um leyfi en kærunefnd skipulags- og byggingarmála felldi synjunina út gildi og þurfti borgin að greiða HÍ 1,7 milljónir og Háspennu 4,5 milljónir í skaðabætur, skv. upplýsingum borgarstjóra.

Brynjólfur er þeirrar skoðunar að ekki sé meiri hætta af spilasal í Mjódd en annarsstaðar. Hann segist sjálfur vera íbúi í Seljahverfi, hann eigi oft erindi í Mjóddina og kveðst ekki hafa séð að nein sérstök truflun yrði af starfsemi spilastofu þar. Brynjólfur segir að sér hafi þótt miður hvað borgarstjóri hafi lagt mikla áherslu á að það væru Háskóli Íslands og HHÍ sem ætluðu að reka happpdrættisvélar í Mjódd. Svo væri ekki, heldur stæði fyrirtæki Háspenna ehf. að því. HHÍ hefði verið í viðskiptum við Háspennu allt frá upphafi þessarar starfsemi 1993. „Við höfum átt mjög góð samskipti við það fyrirtæki í gegnum tíðina og þeir hafa sýnt af sér mikla ábyrgð í öllum sínum rekstri. Þeir komu til okkar sl. vor og spurðu hvort við værum tilbúnir að leigja þeim happpdrættisvélar ef þeir fengju afnotarétt af þessu húsnæði í Mjóddinni." Á þetta var fallist, að sögn Brynjólfs, með þeim skilyrðum



Umdeild starfsemi. Heimilt er að reka spilakassa með peningavinningum undir eftirliti m.a. í söluturnum, á veitingastöðum, í umferðarmiðstöðvum og í verslunum samkvæmt reglugerð. — Morgunblaðið/Árni Sæberg



[Smellið til að sjá stærri mynd]

að Háspenna útvegaði öll leyfi og að ljóst væri að öll skilyrði af hálfu borgaryfirvalda væru uppfyllt. Segir hann ljóst að fyrirhugaður rekstur sé í samræmi við gildandi skipulag borgaryfirvalda. Borgarstjóri hafi aldrei borið neinar brigður á að lög og reglur heimili svona starfsemi á þessum stað og á grundvelli þeirra veiti embættismenn heimild til rekstrarins.

Ágóðinn vel á annan milljarð á ári

VERULEGUR ágóði er af rekstri spilakassa. Tveir rekstraraðilar hafa leyfi til að reka þá. Annars vegar Íslandsspil, sem eru í eigu Rauða kross Íslands, Landsbjargar og SÁÁ, og hins vegar Háspenna ehf., sem annast rekstur spilakassa fyrir Happprætti Háskóla Íslands.

Eftir því sem næst verður komist eru hreinar tekjur rekstraraðila spilakassanna töluvert á annan milljarð króna á ári.

Eins og fram kemur í greininni hér til hliðar eru hreinar tekjur Íslandsspila, þ.e. að frádregnum vinningum og kostnaði, um 900 milljónir. Happprætti Háskóla Íslands rekur þrjú happprættisform, þ.e. flokkahappprætti og skafmiðahappprætti auk spilakassanna. Ekki fengust upplýsingar í gær um hlut spilakassanna í tekjum HHÍ en skv. svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi árið 2005 um söfnunarkassa og happprættisvélar voru tekjur HHÍ að frádregnum vinningum og kostnaði um 528 milljónir á árinu 2004. Heildartekjur af allri happprættisstarfsemi HHÍ á árinu 2005 voru um 780 milljónir skv. ársreikningi.

Í fjárlögum er áætlað að á árinu 2007 verði 870 milljóna kr. hagnaður af öllum rekstri Happprættis Háskóla Íslands. Er það 395 millj. kr. betri afkoma en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2006. Afkoma fyrirtækisins hefur verið vanáætluð á fjárlögum sem sést á því, að því er fram kom í skýringum fjárlagafrumvþarsins, að á árunum 1999–2005 nam samanlagður hagnaður alls 3,8 milljörðum króna en var áætlaður 2,5 milljarðar á fjárlögum.

Ágóða af rekstri happprættis HÍ skal varið til að reisa byggingar á vegum háskólans. Einnig er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginganna og til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur o.fl.